

Framfarafélag Flateyjar

Stjórnarfundur 23.10.2018.

Fundarstaður: Netfundur

Fundur settur kl. 20:00. Mættir eru : GS, DHS, MG, BHB, HÞB

- GS greindi frá fundi sínum með sveitastjóra Reykhólahrepps, Tryggva Harðarsyni, þann 19. október síðastliðinn á skrifstofu sveitarstjóra þar sem m.a. var rætt:
  - Aðgerðir í hafnarmálum.
  - Smábátabryggju.
  - Ástand vega.
  - Skúr undir slökkvibúnað.
  - Verndarsvæði í byggð.
  - Áframhaldandi búseta í Flatey.
  - Stöðuveiting vegna gáma fyrir orkubúið
  - Hugmyndir um rafstreng.
- Upplýst um fundi Framtíðarnefndar. Nefndin hittist í október og ræddi orku- og þjónustumál í Flatey. Stefna að því að hitta sveitarstjórn og þingmenn svæðisins.
- MG sagði frá fortíðarnefnd. Búið er að skipa nefndina en enginn fundur hefur verið haldinn.
- Umræður um stígamál. Nokkrir aðilar tóku sig til í sumar og löguðu þá að hluta. Rætt um að fá sveitarfélagið til að útvega skóflur og hrífur sem staðsett yrðu við nokkra bekki eyjunnar svo fólk gripið í og lagað í kringum sig. Undirbúa á þetta í vetur.
- GS greindi frá tölvupóstsamskiptum við Gára, félags sem stendur að skemmtiferðaskipum sem koma til Flateyjar. Rætt um framlag þeirra til samfélagsmála í Flatey.
- MG sagði frá vinnslu bókar Ævars Petersen. Bókin er langt komin og stendur til að gefa bókina út í vor.

Fundi slitið kl. 22:00